



**HSS**

HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURNESJA

---

## PERSÓNUVERNDARSTEFNA

---

## PERSÓNUVERNDARSTEFNA HSS

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem HSS vinnur. HSS hefur á þeim grundvelli sett sér svohljóðandi persónuverndarstefnu:

### 1. Tilgangur og gildissvið

HSS leitast við að uppfylla í hvítetna þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni og er stefna þessi byggð á persónuverndarlögum nr. 90/2018 frá 15. júlí 2018.

Með stefnu þessari leggur HSS áherslu á mikilvægi þess að gætt sé að því að öll vinnsla persónuupplýsinga innan HSS fari fram í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.

Stefnan gildir um sérhverja vinnslu persónuupplýsinga HSS, en þegar vísað er til HSS í stefnu þessari er einnig átt viðstofnanir og nefndir á vegum stofnunarinnar.

Persónuverndarstefna þessi lýsir vinnslu HSS á persónuupplýsingum. HSS mun auk þess leitast við að veita þeim einstaklingum, sem unnið er með persónuupplýsingar um, nánari fræðslu um þá vinnslu.

### 2. Hvað er vinnsla persónuupplýsinga?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, s.s. söfnun, skráning, varðveisla og eyðing.

### 3. Hvernig vinnur HSS persónuupplýsingar?

Öll vinnsla HSS á persónuupplýsingum fer fram í skýrum tilgangi og byggist á lögmætum grundvelli samkvæmt persónuverndarlögum. Gætt er að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar frekar á þann hátt að vinnslan sé ósamrýmanleg hinum upprunalega tilgangi vinnslunnar.

HSS leggur áherslu á að ekki sé gengið lengra í vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur, til að ná því markmiði sem stefnt er að með vinnslunni.

Til þess að tryggja að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga veitir HSS starfsfólki sínu fræðslu og þjálfun í því hvernig skuli umgangast slíkar upplýsingar.

### 4. Um hverja safnar HSS persónuupplýsingum?

Við rekstur heilbrigðisstofnana safnast óhjákvæmilega ýmsar persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga og er vinnsla slíkra upplýsinga oft og tíðum nauðsynleg svo HSS geti veitt lögbundna þjónustu.

#### **HSS safnar og vinnur m. a. með persónuupplýsingar um:**

- Sjúklinga
- Starfsfólk
- Umsækjendur um störf
- Einstaklinga sem eru í samskiptum við HSS og tengiliði viðskiptamanna, birgja, verktaka, ráðgjafa, stofnana og annarra lögaðila sem HSS er í samningssambandi við.

## 5. Hvaða persónuupplýsingum safnar HSS?

HSS safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um framangreinda flokka einstaklinga, en þó eingöngu upplýsingar sem eru nauðsynlegar og viðeigandi með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar hverju sinni. Þannig er ólíkum persónuupplýsingum safnað um ólíka flokka einstaklinga og fer vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum eftir eðli sambandsins sem er á milli HSS og viðkomandi einstaklings. Þannig er umfangs meiri upplýsingum t.d. safnað um sjúklinga HSS og starfsmenn heldur en aðra.

Undir tilteknum kringumstæðum safnar HSS viðkvæmum persónuupplýsingum, s.s. um heilsufar, trúarbrögð, aðild að stéttarfélagi og þjóðernislegan uppruna. Sérstök aðgát skal höfð við vinnslu slíkra upplýsinga.

HSS aftar að mestu persónuupplýsinga beint frá þeim einstaklingi sem upplýsingarnar varða. Við tilteknar aðstæður geta upplýsingarnar þó komið frá þriðja aðila, t.d. þjóðskrá, öðrum heilbrigðisstofnunum eða öðrum. Þegar upplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun HSS leitast við að upplýsa um slíkt, eftir því sem við á.

## 6. Á hvaða grundvelli safnar HSS persónuupplýsingum?

Tilgangur upplýsingasöfnunar HSS er að tryggja rekstur og þjónustu við sjúklinga sem til HSS leita. Ýtrasta trúnaðar er gætt við meðferð allra persónuupplýsinga.

Upplýsingar um sjúklinga eru skráðar í sjúkraskrá. Allar sjúkraskrárupplýsingar eru skilgreindar sem viðkvæmar persónuupplýsingar. Heilbrigðisstarfsmenn sem starfa á HSS hafa aðgang að upplýsingum í sjúkraskrá í samræmi við lög um sjúkraskrár og reglur HSS um aðgangsheimildir starfsmanna. Upplýsingum er eingöngu miðlað út fyrir HSS í samræmi við lög, m.a. geta heilbrigðisstarfsmenn sem starfa utan HSS fengið upplýsingar sem eru varðveittar þegar sjúklingar leita til þeirra vegna sinna veikinda og einnig geta landlæknir og Sjúkratryggingar Íslands fengið upplýsingar í vissum tilvikum. Þá er HSS í vissum tilvikum skuldbundin til að miðla upplýsingum til annarra aðila, svo sem barnaverndaryfirvalda. Með samþykki viðkomandi sjúklinga er upplýsingum stundum miðlað til annarra en að framan greinir. Þá geta íslenskir vísindamenn sem stunda rannsóknir í heilbrigðisfræðum fengið aðgang að upplýsingum eftir að þeir hafa aflað leyfis Vísindasiðanefndar og persónuverndar í samræmi við lög um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Samkvæmt lögum um sjúkraskrár á sjúklingur eða umboðsmaður hans rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað. Sérstakar reglur gilda um aðgang að sjúkraskrár lätinna einstaklinga.

Í lögum um sjúkraskrár og lögum um opinber skjalasöfn er mælt fyrir um að upplýsingar í sjúkraskrá skuli varðveittar til frambúðar.

Upplýsingar um starfsfólk HSS eru skráðar m.a. vegna launagreiðslna, vinnuskila og veikinda. Nauðsynlegar upplýsingar um starfsmenn eru m.a. sendar til Fjársýslu ríkisins vegna launagreiðslna.

HSS safnar persónuupplýsingum fyrst og fremst til að geta uppfyllt skyldur sínar á grundvelli laga sem gilda um rekstur og þjónustu. Þá safnar HSS einnig persónuupplýsingum vegna samningssambands sem HSS er í t.d. við starfsfólk eða verktaka, eða til að koma slíku samningssambandi á. Þá byggir HSS sumar vinnslur jafnframt á samþykki hinna skráðu, s.s. vegna myndbirtingar og á lögmætum hagsmunum HSS, s.s. vegna eftirlits í öryggis- og eignavörsluskyni.

## 7. Varðveislutími

Þar sem HSS er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennu eru þær persónuupplýsingar sem HSS vinnur því afhentar þjóðskjalasafni að þrjátíu árum liðnum.

## 8. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

HSS leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. HSS stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna með viðeigandi fræðslu og þjálfun varðandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga.

## 9. Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

HSS kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila af mismunandi ástæðum. Þannig geta þriðju aðilar sem veita HSS upplýsingatækniþjónustu haft aðgang að persónuupplýsingum en HSS kann einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar.

HSS semur eingöngu við utanaðkomandi aðila sem tryggja öryggi persónuupplýsinga sem þeir vinna með fyrir hönd HSS. Þá mun HSS ekki miðla persónuupplýsingum utan evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

## 10. Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Einstaklingar hafa rétt til að vita hvaða persónuupplýsingar HSS vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum. Þá geta einstaklingar fengið rangar persónuupplýsingar um sig leiðréttar og í einstaka tilvikum persónuupplýsingum um sig eytt. Jafnframt geta einstaklingar í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Óski einstaklingur eftir að flytja upplýsingar um sig til annars aðila, t.d. til annarrar stofnunar, getur viðkomandi einnig átt rétt á að fá persónuupplýsingar sínar afhentar til sín á tölvutæku formi eða að þær verði fluttar beint til viðkomandi þriðja aðila.

Í þeim tilvikum er vinnsla HSS byggir á samþykki getur sá sem samþykkið veitti alltaf afturkallað það.

HSS virðir framangreind réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum.

Leitast er við að bregðast við öllum beiðnum innan 30 daga frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangs mikla eða flókna beiðni mun HSS upplýsa um slíkar tafir og leitast við að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku á beiðni.

## 11. Ábyrgð á grundvelli persónuverndarlaga

Ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram innan HSS getur verið mismunandi eftir sviðum og deildum HSS til að tryggja að upplýsingarnar verði ekki persónugreinanlegar.

## 12. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Hafi einstaklingar spurningar um persónuverndarstefnu þessa eða hvernig HSS varðveitir eða vinnur persónuupplýsingar geta þeir ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa HSS sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina einstaklingum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarstefnu þessari og persónuverndarlögum.

Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu HSS á persónuupplýsingum hans getur hann jafnframt sent erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

### 13. Samskiptaupplýsingar

Persónuverndarfulltrúi HSS hefur umsjón með eftirfylgni við persónuverndarstefnu þessa og að persónuverndarlögum sé framfylgt.

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa HSS með því að senda honum tölvupóst á netfangið [personuvernd@hss.is](mailto:personuvernd@hss.is).

### 14. Endurskoðun

HSS getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig HSS vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á stefnu þessari verður slíkt kynnt á heimasíðu HSS ([www.hss.is](http://www.hss.is)).

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt.

Þessi persónuverndarstefna var samþykkt af framkvæmdastjórn HSS þann 31. ágúst 2018 og skal hún taka gildi samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018, sem lögfesta ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)2016/679 frá 27.apríl 2016 um vernd einstaklinga.



Viðauki við persónuverndarstefnu:

## VAFRAKÖKUR

### Skýring á hugtaki:

Vafrakökur (e. cookies) eru smáar textaskrár sem vefsíður koma fyrir á tölvum notenda, síma eða snjalltæki þegar þær eru heimsóttar. Vafrakökur eru almennt notaðar til að bæta viðmót og notendaupplifun vefsíðunnar. Einnig til þess að vefsíðan muni mikilvægar upplýsingar frá fyrri heimsóknum notandans. Vafrakökur eru öruggar, þær innihalda ekki kóða og geta ekki verið notaðar til komast inn í tölvur eða snjalltæki sem notaðar eru til fara inn vefsíður.

### Notkun á vafrakökum

HSS notar vafrakökur til mælinga á heimsóknum á heimasíðu þess. Umferð á vefinn eru mæld með Google Analytics. Það þýðir að skráður er tími og dagsetning heimsókna á vefinn, IP tölur þeirra sem heimsækja hann og frá hvaða vefsíðu heimsóknir koma, tegund vafra og stýrikerfis og hvaða leitarorð notendur nota til að komast á vefinn og til að finna efni innan hans.

Vafrakökur eru notaðar í margvíslegum tilgangi eins og til dæmis að muna hvað notandi hefur valið í bókunarvél á meðan hann er tengdur vefsvæðinu, þær kunna einnig að vera notaðar í öryggisskyni. Lotukökur eyðast þegar notandi fer af vefsvæði og eru því ekki vistaðar til lengri tíma. Viðvarandi vafrakökur vistast á tölvu notanda og muna val eða aðgerðir notanda á vefsvæði.

**Engar tilraunir eru gerðar til að tengja heimsókn við persónugreinanlegar upplýsingar.**

### Hvernig er hægt að eyða vafrakökum?

Allir vafrar bjóða upp á takmörkun á notkun á vafrakökum, eins er mögulegt að slökkva á þeim í stillingum vafrans. Mismunandi er eftir vöfrum hvernig þetta er gert en leiðbeiningar má finna í hjálparvalmöguleika í viðkomandi vafra. Einnig er hægt að eyða þeim vafrakökum sem þegar eru vistaðar á tölvu notanda. Skrefin við að eyða vafrakökum eru ólík eftir vöfrum en leiðbeiningar um slíkt má finna í hjálparvalmöguleika í vafranum sem notaður er hverju sinni.

Samþykkt í framkvæmdastjórn 31. ágúst 2018.